



Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Berglind Magnúsdóttir

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi velferðarráðs 23. janúar 2019.*

Á fundi velferðarráðs þann 23. janúar 2019, lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurnir:

- 1) *Hversu margir eldri borgarar verða af afslætti af fasteignagjöldum af þeim sökum að þeim er gert að flytja lögheimili sitt á sjúkrastofnun eða dvalarheimili tímabundið eða til lengri tíma?*
- 2) *Hversu háar upphæðir er um að ræða og hvernig hefur niðurfelling fasteignaskatta áhrif á þennan hóp?*
- 3) *Hver er rökstuðningurinn fyrir því að þessi háttur sé hafður á?*

Svar:

1) Engin eldri borgari verður af afslætti af fasteignagjöldum af þeim sökum að viðkomandi leggst inn á sjúkrastofnun enda kallar það ekki á flutning lögheimils. Sama á við um tímabunda dvöl á hjúkrunarheimili. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar er ekki hægt að gefa upplýsingar um hversu margir afsláttarþegar hafi dottið út af þeim ástæðum að þeim var gert að flytja lögheimilið sitt á hjúkrunarheimili, kerfið heldur ekki utan um það. Hins vegar liggja fyrir upplýsingar, í breytingakeyrlu afsláttar vegna 2018 í október sl., um fjölda þeirra sem dattu út vegna þess að þeir voru ekki lengur skráðir til lögheimilis í fasteigninni sem þeir voru að fá afslátt af, en það voru um 170 afsláttarþegar. Rétt er að hafa í huga að viðkomandi gæti hafa keypt aðra fasteign sem skráist inn á afslátt í október árið á eftir, þ.e. ef viðkomandi óskar ekki sérstaklega eftir leiðréttingu frá Reykjavíkurborg á nýrri eign.

2) Sjá tekjuviðmið ársins 2019 og afsláttarflokka fasteignagjalda sem fylgja þeim tekjuviðmiðum hér að neðan.

Gefinn er 100%, 80% og 50% afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi eftir ákveðnum tekjuviðmiðum.

100% afsláttur (A100):

Einstaklingur með tekjur allt að 4.090.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 5.710.000 kr.

80% afsláttur (A80):

Einstaklingur með tekjur á bilinu 4.090.000 til 4.690.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 5.710.000 til 6.340.000 kr.

50% afsláttur (A50):

Einstaklingur með tekjur á bilinu 4.690.000 til 5.450.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 6.340.000 til 7.580.000 kr.

Tekjuviðmiðin hækka svo árlega samkvæmt hækkun almannabóta frá Tryggingastofnun.

Veittur heildarafsláttur í ársbyrjun 2019 nam kr. 402 mkr.

3) Samkvæmt 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er borgarstjórn heimilt að veita þennan afslátt til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega. Þessi háttur hefur verið hafður á í mörg ár í Reykjavík samkvæmt samþykkt borgarstjórnar ár hvert og er í samræmi við framkvæmd annarra sveitarfélaga gagnvart afslætti fasteignagjalda.